

RX - LÚXUSSPORTJEPPAR



 LEXUS



RX- LÚXUSSPORT- JEPPARNIR

„Ég held að það sé ekki ofsögum sagt að með RX lúxussportjeppunum höfum við skapað meira en bara nýjan geira í bifreiðaiðnaðinum, við höfum skapað ný gildi.“

TAKAYUKI KATSUDA,
yfirverkfræðingur nýju RX

EFNISYFIRLIT

| | |
|---------------------|---------|
| RX-LÚXUSSPORTJEPPAR | 4 - 43 |
| RX-NÝSKÖPUN | 44 - 65 |
| VALMOGULEIKAR RX | 66 - 91 |



BYLTINGARKENNDUR LÚXUSSPORTJEPPI

Með tilkomu RX árið 1998 varð til fyrsti lúxussportjeppi heims. Fram að því var hugmyndin um smájeppa, sem búa yfir aksturseginnleikum, afköstum og fágun sem einkennir aðra lúxusbíla, ekkert annað en hugmynd. Með Lexus varð hún að veruleika.

Undir áhrifum frá hinum framsækna anda á bak við fyrsta Lexus-lúxussportjeppann einkennist RX ekki aðeins af fágudum afköstum, byltingarkenndri tækni og spennandi hönnun heldur einnig ótrúlega lítilli koltvísyringslosun miðað við bíl af slíkri stærð.

RX-bílnir eru smíðaðir í verðlaunaðri verksmiðju Lexus í Kyushu í Japan sem var hönnuð þannig að stórlega er dregið úr umhverfisáhrifum verksmiðjunnar og framleiðsluferlanna. Enn á ný er bílunum ætlað að setja ný viðmið fyrir gæði og ánægju viðskiptavina.



FRAMSÆKINN LÍFSSTÍLL

„Lexus er úrvalsvörumerki og sem slíkt reynum við ávallt að vera á undan okkar samtíð en þó í takt við samfélagið. Þess vegna tökum við umhverfismál mjög alvarlega. Sem dæmi um það getum við tekið að síðan við settum fyrsta tvinnspurtjeppann á markað árið 2004 hefur Lexus Hybrid Drive verið í stöðugri þróun og er til vitnis um þá tæknilegu forystu sem við höfum skapað okkur meðal annarra vörumerkja. Á grundvelli þess framsækna hugarfars sem liggur að baki fyrstu kynslóðinni staðfesta RX-bílamir að Lexus er bílaframleiðandi sem er umhugað um að skapa ný viðmið hvað varðar fágun og gildi á sviði umhverfisverndar.“

TAKAYUKI KATSUDA,
yfirverkfræðingur



HORFT TIL FRAMTÍÐAR

RX er stórglæsilegur þar sem framsækinni hönnun er skeytt saman við þá japönsku hefð að leysa upp þversagnir. Útkoman er rými eins og finna má í stærri sportjeppum en þar sem liflegar línur afturhlutans mynda útlit sem einkennir helst tveggja sæta sportbíla.

RX iðar af lifleika, jafnvel í kyrrstöðu. Stórt hjólhafið er nýtt til hins ýtrasta, sem ásamt hæð bílsins skapar fágaða og jafnframt traustvekjandi framkomu. Með lágrí staðsetningu grillsins en hárrí stöðu framljósanna hafa hönnuðir Lexus náð fram kröftugu viðmóti sem gefur bílnum mikla staðfestu.

Pegar billinn er skoðaður frá hlið mynda fallegir krómgluggalistar línur sem renna áreynslulaust saman við örvalaga fram- og afturendann. Þessi fínlegu smáatriði endurspeglar þá fágun sem setur RX í heimsklassa.

FRAMSÆKNI OG FÁGUN

Japönsk samtímahönnun hefur ávallt miðað að hreinni tjáningu. Þannig hefur sú aðferð að einfalda flókið form gert hönnuðum Lexus kleift að tjá kraft og hreyfanleika af mikilli hógværd og hagkvæmni. En þessi einfaldleiki er flóknari en virðist við fyrstu sýn. Ef lítið er nánar á RX koma spennandi smáatriði í hönnuninni í ljós. Þar er á ferð einstaklega fallegur lúxussportjeppi, alsettur andstæðum, sem birtast ekki aðeins í finustu smáatriðum heldur einnig í því hvernig útlínur og yfirborð flæða um bílinn.

„RX er fyrsti lúxussportjeppinn sem hannaður er í samræmi við lögmál okkar um framsækni og fágun. Hjá Lexus merkir „framsækni“ þá viðleitni okkar að nota nýjustu tækni svo að upplifunin af akstrinum einkennist af eins miklum lúxus og hægt er. Tækni er hins vegar ekkert án fullkominna gæða og því skiptir „fágun“ höfuðmáli.“

SIMON HUMPHRIES,
framkvæmdastjóri alþjóðahönnunarsviðs





Glerþak er ekki fánlegt fyrir Ísland



VÖLUNDARSMÍÐI

Hliðarprófill RX er sérstaklega eftirtektarverður og gefur bílnum faglega og fágaða ásýnd ásamt því að ýta undir einstaklega sportlegt útlit. Vindskeiðin aftan á RX er glæsilegt dæmi um þá einstöku athygli sem smáatriðum er sýnd hjá Lexus við smíði nýrra bíla. Hún er einkum hönnuð til að draga úr loftviðnámi bílsins en um leið smíðuð af stórkostlegri kunnáttu og smekkvísi.

Við nánari skoðun kemur í ljós rúðupurrka sem falin er undir vindskeiðinni og innbyggð bremsuljós. Þá er útvarpsloftnet byggt inn í vindskeiðina sem leysir af hólmi hefðbundin utanáliggjandi loftnet.



RX 450h

Með RX 450h er stigið enn eitt mikilvægt skref til að draga úr umhverfislegum áhrifum og hámarka akstursánægjuna. Þetta er gert mögulegt með annarri kynslóð Lexus Hybrid Drive þar sem snilldarlega hefur verið staðið að því að sameina 3,5 lítra V6 bensínvél, tvo rafmótora og háþróaða samþjappaða rafhlöðu. Þessir afgangar vinna saman að því að veita fullkomlega samsett 220 kW afl. Þegar gefið er í af krafti finnur ökumaðurinn hinn ótrúlega stíglausa kraft leysast úr læðingi án hefðbundins hiksta og þrepa, þar sem farið er úr kyrrstöðu í 100 km/klst. á aðeins 7,8 sekúndum.

Þótt ótrúlegt sé frá að segja getur RX 450h náð sama afli og hröðun og V8-vélar skila en sökum tvíndrífarsarinnar losar hann aðeins 145 g af koltvísýringi á hvern kílómetra. Það er sambærilegt við fjögurra strokka smábíl.



EINSTAKLEGA LÍTIL ÚTBLÁSTURSLOSUN, ÓTRÚLEG AFKÖST

RX 450h er fullkomnasti lúxussportjeppi í heimi, búinn háþrúðu Full-Hybrid kerfi sem skilar ótrúlegu afli og mengar einstaklega lítið. Það sem er einstakt, miðað við önnur tvínnkerfi, er að önnur kynslóð Lexus Hybrid Drive getur skilað algjörlega útblásturslausum akstri, sem rafmótorarnir tveir gera mögulegt. Þeir geta knúið bílinn alveg á eigin spýtur sem gerir aksturinn nær hljóðlausan og án nokkurrar losunar koltvísýrings, köfnunarefnisoxíðs og sótagna. Í fyrsta sinn geta eigendur RX 450h líka skipt yfir í EV-kerfi (Electric Vehicle) sem gerir kleift að aka án útblásturs á litlum hraða í styttri vegalengdum.

RX 450h sparar orku og býr hana jafnframt til. Miðpunktur bílsins er hin afkastamikla V6 bensínvél sem notast við Atkinson-hringrás. Þessi aflrás mengar ótrúlega lítið og er búin kerfi sem endurheimtir útblásturshita og dregur úr þeim tíma sem tekur að hita upp vélina. Það gerir vélinni kleift að stöðva fyrr, oftár og í lengri tíma. Þá eru afköst vélarinnar stóraukin með kerfi sem endurnýtir útblástursgas. Því til viðbótar slekkur bensínvélin á sér þegar ekki er þörf á henni og sparar þannig eldsneyti og hamlunarorka er endurnýtt og umbreytt í raforku sem geymd er á rafgeymi bílsins.



RX 350

Í samræmi við framsækið hugarfarið á bak við fyrstu RX-bílauna býður RX 350 upp á sveigjanleika, þróaða hönnun og fágun sem var áður óþekkt hjá lúxusmájeppum.

Hann er knúinn 3,5 V6 bensínvél úr áli og glænýrri sex gíra sjálfskiptingu með raðbundinni stillingu. Vélin er búin VVT-i-tækni (breytileg ventlatímun með greind) sem skilar 346 Nm togi og 204 kW afli, þökk sé endurbættu aldrifi með virkri togstýringu. Háþróaðir 12 gata spissar auka enn á afköst vélarinnar.

RX 350 er einnig búinn sex gíra AI-SHIFT sjálfskiptingu sem fylgist með vegaskilyrðum og aksturslagi þínu og breytir skiptingunni í samræmi við það, sem skilar sér í stórbættum aksturseginkleikum.





NÝJUNGAR Í STRAUMLÍNU- HÖNNUN

Lofthæði um RX er með því sem best gerist - og það er ekki að ástæðulausu: Mjúkar línur yfirbyggingarinnar draga úr loftmótstöðu sem dregur úr eldsneytisnotkun og skaðlegum efnum í útblæstri. Á miklum hraða eða í sterkum hliðarvindi tryggir straumlínulögunin líka minni hávaða og aukinn stöðugleika.

Takayuki Katsuda og starfsfólk hans eyddu hundruðum klukkustunda í fjölmörgum vindgöngum til þess að ná því fram sem skilaði sér í ótrúlega lágum loftviðnámsstuðli, aðeins 0,32. Verkfræðingarnir lágmrkuðu bilið á milli hluta yfirbyggingarinnar og þróuðu jafnvel afturljós með innbyggðum vindskeiðum til að bæta lofthæði aftan við bílinn auk þess sem samsett botnhlíf bætir lofthæði undir honum. Loftókyrrð við frambítana er einnig stýrt með snjallri hönnun hliðarspeglanna. Til að draga enn frekar úr loftviðnámi lækkar RX með loftfjöðrun sjálfkrafa um 10 mm þegar ekið er á miklum hraða.





ÖRUGGUR AKSTUR

Á erfiðum vegum bregst RX við eins og sportbill en er samt einstaklega stöðugur í torfæru landslagi. Hann rennur átakalaust á miklum hraða með þeirri fágun og þægindum sem einkenna Lexus og er afar stöðugur í beygjum ólíkt hefðbundnari sportjeppum. Þetta er gert mögulegt með nýjum og stífum undirvagni, nákvæmri hönnun fjöðrunar að framan og glænýrri tvöfaldri gaffalfjöðrun að aftan. Til að ná fram öruggum akstri og góðri svörun stýrisins voru þessir þættir prófaðir sérstaklega á miklum hraða á hinni frægu Nürburgring akstursbraut í Þýskalandi.

Enn frekar er dregið úr reyfingu á yfirbyggingunni með virkum jafnvægisstöngum í RX 450h. Þessi tækninýjung stjórnar hliðarhreyfingum bílsins, eykur stöðugleika og skilar glæsilegum afköstum í beygjum, stýrisviðbragði og þægindum.



LIFANDI SVÖRUN

Skoðaðu eftirfarandi þverstæður: Stór lúxussportjeppi með hæfni sportbíls. Bíll sem er skemmtilegt en jafnframt þægilegt að keyra. Fágaður í innanbæjarakstri en fjörugur á miklum hraða á vegum úti. Glæsilegur í útliti en ákaflega viðbragðsskjótur. Í Lexus RX hafa allar þessar þverstæður verið leystar upp.

Lykilþáttur í hinu einstaklega mjúka aksturslagi RX er nýja rafknúna aflstýrið (EPS) sem er sérlega afkastamikill, viðbragðsskjótt og ótrúlega nákvæmt. Til að bæta stjórnun og stöðugleika á miklum hraða stillir rafknúna aflstýrið átak stýrisins í samræmi við hraða ökutækisins.

Fyrir aukið öryggi og þægilegri akstur er hreyfistjórnkerfi (VDIM) staðalbúnaður í öllum RX-gerðunum. Það er uppfinning Lexus og gerir stöðugleika- og stjórnkerfum bílsins kleift að vinna saman sem tryggir að þau grípa inn í stjórnunina á mýkri og fágaðri hátt en ef þessi kerfi ynnu sitt í hvoru lagi. Ásamt því að skila líflægri akstri gerir kerfið ráð fyrir erfiðum aðstæðum og bregst við þeim áður en hættuástand skapast.





SPENNANDI NÁLGUN

Okumenn RX upplifa spennandi gestrisni um leið og þeir nálgast bílinn. Með rafrænum lykli getur RX þekkt eiganda sinn úr fjarlægð, jafnvel í myrkri, og sett í gang leiðarljós sem staðsett er undir hliðarspeglinum og vísar honum í átt að bílnum.

Til að auðvelda lífið enn frekar hefur Lexus búið bílinn nýjustu tækni. Til dæmis hjálpar lítill myndavél undir hliðarspeglinum farþegamegin og önnur aftan á bílnum ökumanninum að aka í þröngu rými og varpar mynd af illsjáanlegum svæðum á fullkominn litaskjá.



JAPÓNISK GESTRISNI

Í japanskri menningu hefur ávallt verið lögð mikil áhersla á gestrisni. Það er í þeim anda sem rík áhersla er lögð á að heilla ökumenn og farþega RX með hlýju. Skoðaðu til dæmis fyrstu snertingu þína við bílinn, hurðarhúnana. Þeir eru fallega mótaðir og lyftast léttilega út og aftur. Skynjari nemur snertingu þína og tekur hurðina úr lás.

Pegar þú sest inn í bílinn kviknar ljós á framúrstefnulegu mælaborðinu um leið og daufum bjarma er varpað á lykilsvæði, s.s. fótarymið, kveikilásinn og gírstöngina. Til að auðvelda ökumanninum að koma sér fyrir er ökumannssætinu sjálfkrafa rennt aftur um 50 mm um leið og stýrið færirst fram til að veita aukið pláss.



FÁGAÐUR LÚXUSSPORTJEPPI

Innra rými RX gefur skilaboð um fágáðan lúxus og gæði. Sjáðu til dæmis leðurklætt stýrið. Það er vélsaumað og síðan yfirfarið af reynslumiklum starfsmanni í verksmiðju Lexus í Kyushu.

Leðurklædd sæti eru líka staðalbúnaður og hægt að velja um hágæða loftkælt leðuráklæði sem valbúnað. Leðrið hefur verið sérstaklega fægt og pressað og sætin eru löguð að líkamsstillingu fólks og því sérlega þægileg og veita mikinn stuðning, óháð vaxtarlagi.

RX einkennist af framúrstefnulegum stíl þar sem hugað er að smæstu atriðum: Viðarinnfellingar eru handunnar, gluggum er rennt upp og niður með sama áreynsluleysi og einkennir hefðbundnar japanskar Fusuma rennihurðir. Upplýsing fyrir tækjabúnað dofna hægt og rólega og varpar fallegum bjarma.





FRAMSÝN HÖNNUN

Þegar ökumaðurinn hefur komið sér fyrir mun hann fljótlega finna hvernig RX ýtir í senn undir afslöppun og einbeitingu, þökk sé tvískiptu innanrými sem hannað er með tilliti til líkamsbeitingar, þar sem dregið er úr áreiti of mikilla upplýsinga sem margir ökumenn finna fyrir.

Fyrst ber að nefna „upplýsingasvæðið“ þar sem upplýsingum er komið til ökumannsins á átta tommu skjá sem komið er fyrir aftan í mælaborðinu svo að yfirsýn yfir það sé betri. Til að draga úr augnhreyfingum er hvítum LED-skjá komið fyrir í miðstokknum þar sem hann sést vel og með sjónlínuskjá er lykilupplýsingum varpað á framrúðuna. Til að ganga úr skugga um að sýnileikinn væri með sem bestum hætti var sjónlínuskjærinn prófaður á snævi þöktum vegum Hokkaido í Norður-Japan.

Í öðru lagi er „aðgerðasvæðið“ þar sem ökumaðurinn stjórnar bílnum. Það veitir auðveldan aðgang og stjórn á upplýsingum með stjórnkerfi og upplýsingarofa á stýrinu.



SNJALLT HANDBRAGÐ

Með Remote Touch-kerfinu hefur orðið bylting á hvernig ökumenn stjórna RX. Stjórnkerfið er einstaklega einfalt í notkun. Stjórnkerfinu er komið þægilega fyrir á miðstokknum og það er jafn þægilegt í höndum fólks og tölvumús.

Skjá Remote Touch-kerfisins er haganlega komið fyrir þannig að augnhreyfingar séu lágmarkaðar og dregið úr truflunum. Hann gerir ökumanninum og farþega í framsæti kleift að stjórna mörgum tæknilegum aðgerðum, s.s. afþreyingarefni, loftþræstingu og leiðsögukerfi. Stjórnkerfinu er stjórnað rétt eins og mús þar sem ör er hreyfð upp, niður, til hægri og vinstri á skjánum. Til þess að gera stjórnunina þægilegri dregst örin að táknum þegar hún kemur nálægt þeim. Þá er nóg að ýta á ENTER til að ljúka aðgerðinni.





HÁPRÓUÐ LOFTRÆSTING

Hápróað loftræstikerfið, sem er staðalbúnaður í RX, dreifir loftinu hljóðlega og með jöfnum hætti um allt innanrýmið, án þess að mynda óþægilegan súg. Kerfið býður upp á sérstaka stýringu á loftflæði fyrir vinstri, hægri og efri og neðri svæði í farþegarýminu. Það er einsdæmi að í RX 450h er hægt að stjórna loftræstikerfinu eingöngu með rafhlöðu tvinnkerfisins án þess að vélin sé í gangi.

Nákvæmu hitastigi er viðhaldið með skynjurum viðs vegar í innanrýminu sem mæla birtu-, hita- og rakastig. Þó að sólin hiti efri hluta ökumanns eða farþega er hitastigi uppi og niðri sjálfkrafa stýrt til að bregðast við því. Eins og við er að búast af lúxussportjeppa hitnar innanrými RX jafnskjött og það kólnar (Lexus prófaði það í sýndarheimskautatilraunastofunni) og rúðurnar eru búnar frostvörn og móðueyði.

Loftið sem þú andar að þér í RX er líka afar hreint þar sem sérstök sía hreinsar burt frjókorn, sótagnir og ryk. Þú þarft ekki heldur að hafa áhyggjur af því að útblástur bíla berist inn í innanrýmið. Kerfið fylgist stöðugt með loftgæðum utan við bílinn og skiptir yfir í hringrás innan bíls ef þörf krefur. Þannig haldast loftgæðin inni í bílnum þar til kerfið skynjar að aðstæður úti við hafa lagast.



AFÞREYINGARKERFI

Í RX er fullkomið umhverfi til þess að hlusta á tónlist, horfa á myndefni eða njóta annarra miðla og hægt er að fá bílinn með níu, tólf eða fimmtán hátalara hljómflutningskerfi. Þar í fararbroddi er 15 hátalara Mark Levinson® Premium Surround-kerfi sem býður upp á einstakan hljómburð. Með því geta farþegarnir notið 7,1 rása „surround“-hljóms þegar geisladiskar eða DVD-myndir eru spilaðar. Þá eru allar gerðirnar búnar innstungu fyrir aukahluti og USB-tengi sem gerir mögulegt að nota iPod® og annan afþreyingarbúnað. RX er trúr hinna framsæknu hugsun sem liggur á bak við bílinn og býr yfir möguleika á notkun DAB-tækni (Digital Audio Broadcasting). Þegar bíllinn er búinn Mark Levinson® Premium Surround-kerfinu er hægt að nota diskadrifið sem lagasafn. Þannig geturðu afritað efni af geisladiskum inn á harða disk bílsins og stjórnað því með hinum fullkomna Gracenote®-hugbúnaði sem skráir gögn eins og heiti flytjanda, plötuheiti og heiti laga.

Hjá Lexus og Mark Levinson var mörgum klukkustundum eytt í þróun innan tilraunastofa og á vegum úti til að gera Premium Surround-kerfið sem best úr garði. Lykillinn að afburðaframmistöðu hljóðkerfisins eru hvorki meira né minna en 15 hátalarar þar sem hver og einn er sérsníðinn með tilliti til hljómgæða og staðsetningar innan rýmisins.

Njóttu langferðanna betur með því að stækka Mark Levinson® kerfið, því það má bæta við tveimur skjáum og afþreyingarkerfi fyrir aftursætin. Horfðu á DVD-diska og spilaðu tónlist eða tölvuleiki með hljóð- og myndtengjum í 7" LCD-skjáum í höfuðpúðum okumannssætis og framsætis. Til hæginda er ein fjarstýring notuð fyrir bæði kerfin.

Pennan búnað er hægt að sérpanta í Sport og Luxury útfærslu. Vinsamlegast hafið samband við söluaðila Lexus.

ÁREYNSLULAUS FJÖLBREYTILEIKI

Innra rými RX er einstaklega fagað en um leið ákaflega hagkvæmt. Tökum sem dæmi sætasamsetningar. Hægt er að fella aftursætin saman 40/20/40. Þá er hægt að fella þau niður með einu handtaki ef þörf er á. Til að auka enn frekar á sveigjanleikann er einnig hægt að færa aftursætin fram eða aftur auk þess sem halla má sætisbökunum aftur sem veitir aukin þægindi á lengri ferðum.

Farangursrýmið í RX er plássmiðið og hægt er að stækka það umtalsvert þegar aftursætin eru felld niður. Í breiðu og aðgengilegu farangursrýminu hefur plássíð verið hámarkað svo hægt sé að koma fyrir stærri hlutum, eins og ferðatöskum eða allt að fjórum golfsettum. Til enn frekari þæginda er hægt að lækka afturhluta bílsins sem gerir auðveldara að hlaða hann og afferma (í gerðum þar sem loftfjöðrun hefur verið valin). Rafdrifinn afturhleri eykur enn á þægindin.

Inni í RX er líka að finna fjölda notadrjúgra geymslustaða. Eigandi og farþegar geta nýtt sér 21 lítra miðstokk sem veitir fjölda geymslulausna, stórt hanskahólf, pláss undir armhvílu í aftursæti og ýmiss konar annað geymslurými.





ÖRYGGI Í HEIMSKLASSA

RX er búinn fjölda þróaðra öryggisþátta og nýjunga á því sviði og er sérlega öruggur ferðamáti. Fullkomin tækni, eins og sjónlínuskjárnin, gerir ökumanni kleift að hafa augun á veginum og hægt er að nota stjórnkerfið til að stjórna ýmsum tækjabúnaði. I-AFS-kerfið gerir þér kleift að lýsa fyrir horn án þess að blinda ökumenn sem koma úr gagnstæðri átt og árekstraröryggiskerfið veitir fullkominn stuðning.

Við þróun RX miðaði Lexus að því að gera öryggiskerfið úr garði með sem fullkornustum hætti. Til að auka á verndina eru u.þ.b. 42% yfirbyggingarinnar úr styrktu stáli sem gerir byggingu bílsins léttu en sérlega sterka. Því til staðfestingar hafa niðurstöður prófana leitt í ljós að RX svarar ekki aðeins alþjóðakröfum um öryggi, heldur fer hann fram úr þeim. Komi til áreksturs er RX búinn framúrskarandi loftþrúðakerfi og virkum höfuðþrúðum sem veita þér vörn.



RX

NÝJUNGAR

EFNISYFIRLIT

| | |
|------------------------------|---------|
| Nýsköpun Lexus | 46 - 47 |
| RX 450h: Lexus Hybrid Drive | 48 - 51 |
| RX 350: Mjúk gírskipting | 52 - 53 |
| Hábróaðir aksturseiginleikar | 54 - 57 |
| Öryggisbúnaður | 58 - 63 |
| Sveigjanlegt innanými | 64 - 65 |

NÝSKÖPUN LEXUS

Lengi vel hafa framleiðendur lúxusbíla átt erfitt með að átta sig á hvernig hægt væri að skila meiri krafti og afli án þess að smíða stærri vélar sem eyða meira eldsneyti og menga meira. Bylting varð árið 2004 með tilkomu Lexus Hybrid Drive.

Snilldarleg sameining skilvirkrar bensínvélar og afkastamikils rafmótors býður upp á það sem áður var ómögulegt: Kraft og hröðun lúxusbíls en sparneytni og útblástur á við smábíl. Enn fremur er hann svo hljóðlátur, viðbragðsfljótur og fágæður að akstursánægjan nær nýjum hæðum.

Strax í byrjun kaus Lexus að þróa sérstakt tvinnkerfi fyrir lúxusbíla, s.k. „Full Hybrid“. Þetta kerfi gerir Lexus kleift að nota eingöngu raforku við ræsingu og á litlum hraða.

Þessi framtíðarnálgun Lexus hefur skilað algjörlega nýrri línu tvinnbíla. Brautryðjendastarfið heldur áfram og nú hefur önnur kynslóð Lexus Hybrid Drive verið þróuð fyrir RX 450h, sem skilar 220 kW afli með ótrúlegri mykt en myndar aðeins 145 g af koltvísýringi á hvern kílómetra.



RX 450h: ÖNNUR KYNSLÓÐ LEXUS HYBRID DRIVE


Til að ná fram afköstum smájeppa og lítilli koltvísýringslosun, er RX 450h búinn samsetningu skilvirkrar 3,5 lítra V6 bensínvélar og tveggja afkastamikilla rafmótora, samþjappaðs rafgeymis, stiglausrar tvinnskiptingar og byltingarkenndrar stjórneiningar.

1. 3,5 LÍTRA V6 BENSÍNVEL

RX 450h er búinn háþróaðri 3,5 lítra V6 bensínvéla með Atkinson-hringrás. Pensluhlutfallið er hátt og má líkja brunuferlinu við að einhver dragi djúpt andann og andi svo rólega frá sér. Það tryggir hámarksafllýtingu við blöndun eldsneytis og lofts. Vélin hefur nú verið sett í fyrsta sinn í Lexus sem skilar 220 kW afli, litlum útblæstri koltvísýrings og sparneytni í eldsneytisnotkun. Vélin er stillt á orkusparandi notkun og getur slökkt á sér þegar ekki er þörf á henni.

Í nýju V6 vélinni er að finna EGR-kerfi sem endurnýtir útblástursgas. Í samræmi við gangskilyrði er nákvæmu magni útblásturslofts veitt inn í inntak vélarinnar til að minnka dælutap (hversu mikla orku vélin þarf að nota til að dæla inn nauðsynlegri blöndu eldsneytis og lofts) og bæta brennslu, sem á móti veitir stórlega aukinn eldsneytissparnað og minni koltvísýringslosun.

Háþróað kerfi sem endurheimtir útblásturshita er einnig sett upp í útblásturskerfinu aftan við hvarfakútinn. Þar er útblásturshiti notaður til að hita V6 vélina upp á skjótari hátt. Ásamt bættri rafgeymisstjórnun gerir kerfið vélinni kleift að slökkva fyrr á sér og oftar, sem leiðir af sér minni eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun.



2. HÁ-AFKASTA RAFMÓTORAR / ENDURNÝTANLEG HEMLUNARORKA

Í RX 450h eru tveir kraftmiklir 605 V rafmótorar. Á framöxli er 123 kW mótör og að aftan er 50 kW mótör. Þeir vinna með V6 vélinni og skila mjúkum og stiglausum krafti. Á litlum hraða geta rafmótorarnir knúð bílinn einir sér án nokkurs útblásturs og með litlum hávaða. Rafmótorarnir virka einnig sem rafalar og nýtt hemlunarorku til að hlaða rafhlöðurnar.

3. FYRIRFERÐARLÍTILL RAFGEYMRIR

Lexus Hybrid Drive er búinn afkastamiklum 288 volta Ni-MH rafgeymi sem stýrt er af háþróuðum orkustjórnunarhugbúnaði. Hann er staðsettur undir aftursætunum, án þess að hafa nokkur áhrif á pláss í innanrymi, og er sífellt hlaðinn þegar Lexus Hybrid Drive er í gangi.

4. AFLSTÝRIEINING

Hin byltingarkennda aflstýrieining er höfuð Lexus Hybrid Drive og stýrir úthlutun afgjafa til að tryggja að orkunýting sé ávallt með besta móti. Aflstýrieiningin er með mestu aflþéttni sem þekktist og skilar ótrúlegum krafti þegar þú þarft á að halda.

5. TVINNSKIPTING

Fremri rafmótorum, rafalnum og „power split“-stjörngírnum í Lexus Hybrid Drive er öllum komið fyrir í girkassa tvinndrifsins. Tvenns konar hreyfiafl Lexus Hybrid Drive, raforka og vélarafll, sameinast í óendanlega breytilegu girhlutfalli sem breytist stöðugt í samræmi við hraða ökutækisins og snúningshraða vélarinnar.

6. E-FOUR

RX 450h er búinn byltingarkenndu fjórhjóladrifskerfi sem kallast E-FOUR. Það er ótrúlega létt og getur skilað togkrafti samstundis. Fjórhjóladrifinu er náð með þróuðum 50 kW rafmótör sem komið er fyrir á afturöxli sem veitir afl þegar þörf er á.

7. RAFSTÝRÐAR BREMSUR

Framúrskarandi rafstýrt bremsukerfi bætir ekki aðeins heildarhemlunarvirkni heldur nýtir það hemlunarorkuna sem felur þann kost í sér að dregið er úr slitni á bremsuborðum eða -diskum.

RX 450h : TVINNTÆKNI

Önnur kynslóð Lexus Hybrid Drive í RX 450h er sérlega snjöll og felur í sér margslunginn búnað, s.s. EV-kerfi (Electric Vehicle) sem dregur stórlega úr mengun og ECO-kerfi sem dregur úr umhverfisáhrifum bílsins.



EV-KERFI (ELECTRIC VEHICLE)

Fjölnotarofinn á stýrinu gerir ökumanni kleift að setja EV-kerfið í gang þegar svo hentar. Það notar rafmótora bílsins til að draga nær algjörlega úr koltvísýringslosun og hávaða.

ECO-KERFI

Ökumaðurinn getur einnig kveikt á ECO-kerfinu sem stillir stýrikerfi inngjafar og loftræstingu þannig að dregið sé úr útblæstri og eldsneytisnotkun og umhverfisáhrif bílsins minnkuð.


SNJÓSTILLING

Þegar tekið er af stað í snjó eða hálfu gerir snjóstillingin Lexus Hybrid Drive kleift að dreifa togkraftinum á öll fjögur hjól bílsins og auka þannig veggrip í vetrarfærð.

AI-SHIFT-STÝRING / RAÐSKIPTING

Önnur nýjung í Lexus tvinnbilunum er AI-SHIFT-stýringin (Artificial Intelligence-SHIFT) í RX 450h. Hún metur í sífellu ástand vegarins og fyrirætlun ökumansins þannig að gírskiptingu er stjórnað sjálfkrafa með viðeigandi hætti og setur þannig ný viðmið fyrir aksturseginnleika lúxussportjeppa.

Til að auka enn á lífleika bílsins býður RX 450h einnig upp á beinskíptingu með + og - stillingunum þegar gírstöngin er í stöðunni S. Það gerir t.d. kleift að hægja á bílnum með því að skipta niður um gír, sem er mikilvægt þegar keyrt er á fjallvegum.



HVERNIG VIRKAR LEXUS HYBRID DRIVE?

Um leið og þú nýtur þess að aka bíl sem er hljóðlátur og ávallt mjúkur í akstri sýnir litaskjárinn orkuflæðið í bílnum og gefur til kynna að það sé mun meira spunið í Lexus Hybrid Drive en þú gerðir þér kannski grein fyrir.

Til dæmis vinnur aflstýrieining bílsins stöðugt í bakgrunni að því að dreifa orkunni á þann hátt sem hentar þér best, og umhverfinu. Þegar þú þarft á miklu afli að halda sameinar aflstýrieiningin V6 bensínvélina og rafmótora eins og við á.

Á öðrum stundum, t.d. þegar þú hemlar, er rafgeymirinn hlaðinn með því að nýta hreyfifall bílsins, sem í öðrum bílum tapast sem varmi. Þegar þú lætur bílinn renna niður brekkur getur kerfið notað tækifærið og slökkt á vélinni til að spara eldsneyti. Þegar við á umbreytir RX 450h einnig hreyfifalli í raforku sem er geymd á rafgeymum fyrir seinni tíma not.



Á litlum hraða, t.d. í innanbæjarakstri, getur verið að aflið komi eingöngu úr rafmótorunum, sem eru nær hljóðlausir og algjörlega lausir við útblásturslosun, ekki aðeins á koltvísýringi heldur einnig köfnunarefnisoxíði og svífryki.

Skiptin á milli nýtingar bensíns og raforku verða svo áreynslulaus að þú tekur ekki einu sinni eftir því þegar V6 vélin stöðvast eða ræsis.

RX 350: FÁGUÐ GÍRSKIPTING

RX 350 er búinn sex þrepa sjálfskiptingu og nýrri virkri togstýringu í aldrifinu.




SEX GÍRA SJÁLFSKIPTING

RX 350 er búinn nýrri sex gíra sjálfskiptingu sem er sérlega öflug, mjúk og eldsneytissparandi. Til að ná því fram var hún hönnuð til að vera eins létt og fyrirferðarlítill og mögulegt er og með gírstöng með einkar góðri svörun.

Gírkassinn í RX 350 er einnig búinn niðurskiptingarstýringu. Þegar gefið er í og skipt niður úr sjötta gír í þriðja gír eða úr fimmta í annan velur gírskiptingin milligíra til að ná fram mýkri snerpu. Hefðbundin niðurskipting er þó notuð þegar stigið er á inngjöfina af minni ákefð.

RX 350 notar AI-SHIFT-tæknina, sem er svipuð þeirri sem þróuð var fyrir RX 450h. Gírstöngin er einfaldlega færð á milli - og + þegar hún er í stöðunni S til að líkja eftir beinskiptingu.



VIRK TOGSTÝRING Í ALDRIFI

Virk togstýring í aldrifi veitir framúrskarandi grip. Hún er hönnuð samkvæmt nýjustu tækni og alhliða innleiðing virkrar togstýringar í aldrifi, EPS-afstýris (Electric Power Steering) og hreyfistjórnkerfis veitir frábæra akstursánægju og fullkomna stjórnun á vegum úti.

Virk togstýring aldrifsins á RX 350 dreifir togkrafti á bilinu 100:0 til 50:50 á milli fram- og afturhjóla, eftir akstursskilyrðum og aksturslagi.

Virka togstýringin er einstaklega snjöll. Þegar tekið er af stað í hálku er togkrafti dreift á öll fjögur hjólin sem skilar framúrskarandi gripi og afköstum. Við venjulegan akstur á miklum hraða er togkrafti ekki dreift á afturhjólin sem dregur úr eldsneytisnotkun. Þegar aðstæður eru erfiðar má ná fram auknu gripi með því að ýta á rofann AWD LOCK á miðstokknum.

FRAMÚRSKARANDI AKSTURSEIGINLEIKAR

Ökumenn RX upplifa lúxussportjeppa sem búa yfir einstöku jafnvægi og eru ótrúlega dugmiklir. Þeir búa yfir einstakri mykt og viðbragði, þökk sé traustum undirvagni og samsetningu fjöðrunarluta sem hafa verið hannaðir fyrir mikið álag.




NÝ GAFFALFJÖÐRUN AÐ AFTAN

Glæný tvíarma gaffalfjöðrun að aftan sem er hönnuð sérstaklega fyrir RX skilar einstöku veggripi, beygjuhæfni á við sportbíl og framúrskarandi stöðugleika í beinum akstri. Tvíarma gaffalfjöðrun er flóknari að gerð en einföld gormafjöðrun og var upphaflega hönnuð fyrir kappakstursbíla. Þökk sé hæð fjöðrunarinnar liggur hún mun styttra inn í farangursrýmið að aftan.



VIRKAR JAFNVÆGISSTANGIR

Til að ná fram enn meiri stjórnun er RX 450h búinn virkum jafnvægisstöngum. Það er í fyrsta sinn sem boðið er upp á slíkt í lúxussportjeppa. Kerfið notar rafstillanlegar jafnvægisstangir að framan og aftan til að ná fram minni halla á yfirbyggingu í beygjum og nákvæmri stýringu á miklum hraða án þess að það komi niður á þægindum í akstri.



RAFSTÝRD LOFTFJÖÐRUN

Til að ná fram meiri nákvæmni og stöðugleika í akstri má fá RX með rafstýrðri loftfjöðrun. Ólíkt hefðbundnum gormafjöðrum nær loftfjöðrun að halda hæð bílsins stöðugri óháð fjölda farþega eða farangursmagni. Auk þess lækkar bíllinn um 10 mm þegar ekið er greitt til að draga úr loftmótstöðu og tryggja aukinn stöðugleika. Með einum takka er auk þess hægt að láta loftfjöðrunina lækka bílinn að aftan um 30 mm til að auðveldara sé að hlaða bílinn stórum eða þungum hlutum.

- A. Hi Mode
- B. Normal Mode
- C. Loading Mode




RAFDRIFIÐ AFLSTÝRI

Nákvæmt rafdrifið aflstýri (EPS) er staðalbúnaður í RX-lúxussportjeppunum. Á litlum hraða er stýrið léttara. Eftir því sem gefið er í verður stýrið þyngra sem veitir aukna öryggisstillingu. Auk þess dregur það úr eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun í samanburði við vökvastýri.

HREYFISTJÓRNKERFI (VDIM)

Nýjasta kynslóð hreyfistjórnkerfisins er sniðin að hegðun fjáðrakerfisins, virku togstýringarinnar og E-FOUR kerfanna í RX. Það er gert með því að beita hreyfistjórnkerfinu áður en bíllinn nær hámarksafköstum.



HREYFISTJÓRNKERFI


Hreyfistjórnkerfið (VDIM) virkar þannig að það safnar gögnum frá skynjurum sem staðsettir eru víðsvegar um bílinn. Þær upplýsingar sem hér um ræðir eru m.a. snúningshraði hjóla, hemlaþrýstingur og hreyfing yfirbyggingar. Eftir að hafa safnað þessum upplýsingum stillir hreyfistjórnkerfið stöðugleika- og öryggiskerfi bílsins á mismunandi hátt og nær þannig áreynslulaust hámarksafköstum sem ekki myndu nást ef hvert forrit ynni út af fyrir sig.

- A. ABS, EBD, BAS, TRC og VSC vinna öll saman
- B. ABS, EBD, BAS, TRC og VSC vinna ekki saman



RAFSTÝRÐ DREIFING HEMLUNAR

Rafstýrða hemlunardreifingin (EBD) vinnur ásamt ABS-kerfinu við að tryggja að viðeigandi hemlunarafli sé beitt á hvert hjól. Með því að koma í veg fyrir að hjólin læsist stuðlar rafstýrða hemlunardreifingin að stöðugleika í kröppum beygjum og þegar hemlað er.



HEMLUNARHJÁLP

Hemlunarhjálpin (BAS) verður virk við nauðhemlun þar sem margir ökumenn ná ekki að stíga af nægjanlegu afli á bremsuna eða stíga af henni of fljótt. Ef þetta gerist skynjar hemlunarhjálpin í RX þörfina á viðbótarhemlun og beitir meira hemlunarafli sjálfvirk. Til að auka öryggið enn frekar blikka bremsuljósinn svo að ökumenn fyrir aftan séu varaðir við hættuástandi.


- A. Með BAS
- B. Án BAS



SPÓLVORN

Spólvörn (TRC) eykur grip RX og er mikilvægur öryggisbúnaður við ýmiss konar aðstæður, sér í lagi þegar ekið er í hálku eða við misjöfn vegaskilyrði. Ef spólvörninn skynjar að eitt eða fleiri hjól taka að spóla og missa grip ákvarðar stjórn tölvan samstundis bestu leiðina til að endurheimta grip á því hjóli með því að draga úr afli eða jafnvel með því að bremsa. Fyrir slæm vegaskilyrði er RX einnig búinn aðgerð sem slekkur á spólvörninni og stöðugleikastýringunni. Með því getur ökumaðurinn stjórnað gripinu í leðju eða snjó.

- A. Með TRC
- B. Án TRC



STÖDUGLEIKASTÝRING

Stöðugleikastýringunni (VSC) er ætlað að koma í veg fyrir að bíllinn missi stjórn, t.d. ef farið er of hratt inn í beygju eða í hálku sem gæti leitt til þess að bíllinn færi að skrika. Búnaðurinn safnar gögnum frá fjölda skynjara sem eru staðsettir víða um bílinn. Þar á meðal eru upplýsingar um snúningshraða, hemlaþrýsting og hreyfingar á yfirbyggingu. Ef kerfið reiknar út að ökumaður sé við það að missa stjórn á bílnum mun búnaðurinn virkja ýmis stöðugleika- og öryggiskerfi. Við skrið hemlar kerfið til dæmis eða minnkar afl til að aðstoða bílstjórnann við að ná aftur stjórn á bílnum.

- A. Með VSC
- B. Án VSC

ÁREKSTRARÖRYGGISKERFI OG AKSTURSHJÁLP

Til að ná fram þægilegum og öruggum akstri hefur Lexus miðað að framúrskarandi hönnun. Þar er að finna nýstárleg stuðningskerfi fyrir ökumenn sem ýta undir hæfni þína í akstri.



ÁREKSTRARÖRYGGISKERFI

Árekstraröryggiskerfið hjá Lexus er dæmi um hvernig RX-lúxussportjepparnir geta hámarkað öryggi þitt, í þessu tilfalli á hinum mikilvægu augnablikum áður en árekstur verður. Þegar bíllinn er búinn árekstraröryggiskerfi er radarmæli komið fyrir á bak við „L“-merkið á framgrillinu á Lexus. Þessi mælir nemur svo ákveðna hluti fyrir framan bílinn. Skynji kerfið að mikil hættu sé á ferðum gefur það ökumanninum það til kynna með viðvörðunarljóði og merkinu „BRAKE“. Það setur einnig í gang hemlunarhjálpa sem getur auðveldað ökumanninum að beita hemlunarfli (og herðir loftfjórdrunina til að ná fram betri stjórnun, sé bíllinn búinn slíku).

Ef ástandið er svo metið þannig að árekstur sé óhjákvæmilegur virkjar árekstraröryggiskerfið sjálfvirka hemlun til að reyna að draga úr högginu. Einnig virkjar öryggisbelti fyrir árekstur, en þá dragast öryggisbelti framsætanna inn áður en höggið á sér stað, til að draga úr meiðslum eins og hægt er.

* Vinsamlegast athugið: Árekstraröryggiskerfið er hannað til að draga úr árekstrarhraða og skemmdum við árekstur að framanverðu eingöngu. Það kemur ekki í veg fyrir árekstur. Sjálfvirka hraðastillingin er ætlað að draga úr álagi á ökumann á langferðum. Hvorugt kerfið kemur í staðinn fyrir öruggan og ábyrgan akstur. Virkni kerfisins byggist á mörgum þáttum, svo sem hraða, stjórnun ökumanns, veðri og aðstæðum á veginum. Athugaðu að árekstraröryggiskerfið og sjálfvirka hraðastillingin eru ekki fánleg á Íslandi. Hafðu samband við viðurkenndan Lexus söluaðila til að fá frekari upplýsingar.



SJÁLFVIRKUR HRAÐASTILLIR

Sjálfvirkur hraðastillir (ACC) vinnur samhliða árekstraröryggiskerfinu (PCS), og notar sömu háþrúðu radartæknina. Með sjálfvirka hraðastillingun er radarinn tengdur við bremsukerfi og inngjafarkerfi bílsins. Þetta gerir kerfinu kleift, innan ákveðinna hraðamarka, að halda vissri fjarlægð frá ökutækinu fyrir framan, jafnvel þótt hraði ökutækisins sé síbreytilegur. Þegar leiðin framundan er greið stillir hraðastillirinn sjálfkrafa á þann hámarkshraða sem upphaflega var valinn. Ökumaðurinn getur valið mikla, miðlungs eða stutta fjarlægð á milli ökutækja og stillingin hverju sinni kemur skýrt fram á upplýsingaskjá bílsins.

- A. Jafn hraði
- B. Minnkun hraða
- C. Eftirfararstýring
- D. Aukning hraða



LED-FRAMLJÓS / SJÁLFVIRK STILLING FRAMLJÓSA

Demantalöguð ljós á RX 450h eru fyrstu LED-lággeislaframljósir sem notuð eru í lúxussportjeppa. Þau eru ekki aðeins falleg á að líta heldur er ljósgeislinn frá þeim afar beinskeyttur, þau nota minni orku og endast lengur en venjulegar ljósaperur. RX er einnig búinn skynvæddu, aðlögunarhæfu framljósakerfi (L-AFS) sem gerir þér kleift að sjá fyrir horn. Þannig sveigjast framljósir allt að 15 gráður inn í horn sem ekið er inn í og varpa ljósi á hluti sem annars hefðu ekki sést.



BAKKMYNDAVÉL

